

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka í samþykkt nr. 64/2025, um breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt:

Hjalladæl, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 26. febrúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Hjalladæl á Eyrarbakka. Breytingin nær til lóðanna við Hjalladæl nr. 7-61 þar sem lóðanúmerum á óbyggðum lóðum er breytt.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 3. mars 2025.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2025